

33. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38, 11. maí 2018 og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI), aðalmaður, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG), skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK), embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson var viðstaddur fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Byggingarmál almennt - 1805003

Erindi frá Gunnlaugi B. Jónssyni f.h. Helga Freys Helgasonar. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir opnanlegum glugga á millibyggingu þakhæðar Ártúns, Tálknafirði. Um er að ræða björguanrop af þakhæð. Erindinu fylgir útlitsteikning og sneiðing unnið af teiknistofu Ginga, dags. 15.apríl.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis.

2. Deiliskipulag. Lóð undir fiskeldi og seiðisstöð. - 1712032

Tekið fyrir endurnýjað erindi sem tekið var fyrir á fundi nefndarinnar 11. desember 2017. Erindinu var þá hafnað á grundvelli þess að ekki lá fyrir undanþága frá skipulagsreglugerð vegna fjarlægðarmarka byggingareita frá sjó. Nú hefur sveitarfélagið gefið umhverfisráðuneytinu jákvæða umsögn og beðið er eftir undanþáguheimild frá ráðuneytinu. Er því óskað eftir að meðfylgjandi deiliskipulag verði samþykkt til auglýsingar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir deiliskipulagið og mælist til þess að það verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana. Tillagan verði einnig send til umsagnaraðila.

3. Umsagnarbeiðni, Móatún 8. - 1805026

Lagt fram bréf frá sýslumanninum á Vestfjörðum dags. 04.05.18 með ósk um umsögn um útgáfu gistileyfis fyrir gististað í flokki II að Móatúni 8, Tálknafirði að hámarki 3 gestir.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis sé húsnæðið í samræmi við samþykktu uppdrætti og felur byggingarfulltrúa að ganga úr skugga um að svo sé. Húsið stendur í skilgreindu íbúðarhverfi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:20.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Lilja Magnúsdóttir (LI)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

Elfar Steinn Karlsson (ESK)